



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 26.10 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til, 206 mál.**

Megindrættir frumvarpsins og hluti greinargerðar eru hluti kjarasamnings Starfsgreinasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 16.1 2020. Frekari vinna við texta þess og greinargerð var jafnframt unnin í góðu samstarfi aðila og ráðuneytisins. Horfið er frá því að stéttarfélögin, að beiðni gagnaðila, veiti undanþágur frá verkfalli til þess að nauðsynlegasta heilbrigðis- og öryggisþjónusta við íbúa sveitarfélaga sé veitt og lífi og heilsu þeirra verði ekki ógnað vegna verkfalls, til þess að birta sérstaka lista fyrirfram þar um.

Það verklag sem áður tíðkaðist byggði á túlkun laga nr. 80/1938 og hefðum og venjum á íslenskum vinnumarkaði og byggði m.a. á því að verkfallsréttur stéttarfélaga geti sætt takmörkunum þegar líf og heilsa er að veði. Þau sjónarmið eru viðurkennd í alþjóðlegum vinnurétti og áratuga framkvæmd félagsfrelsisnefndar Alþjóðavinnuáráðs (ILO) um túlkun á stjórnarskrá ILO og samþykkt ILO nr. 87, sbr. Freedom of association, Compilation of decisions, 6. útgáfa 2018, bls. 154–162. Íslensk lög ber að túlka til samræmis við skuldbindingar Íslands vegna aðildar að ILO en Ísland hefur meðal annars fullgilt samþykkt ILO nr. 87.

Samþykkt frumvarpsins mun í reynd ekki breyta þeirri réttarstöðu sem fyrir var í samskiptum aðila en formið mun verða annað.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

Sættúni 1 • Reykjavík  
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601  
asi@asi.is • www.asi.is